

70

Nú frammi fyrir þér

1. Nú frammi - i fyr - ir þér, ó, fað - ir, birt - umst vér
 2. Þín mis - kunn, Herr - a hár, oss hlífð - i lið - ið ár
 3. Þótt harm - a skelfd - u ský, oss skein hvern morg - un ný
 4. Þitt sign - að sann - leiks - orð, þíns son - ar náð - ar - borð

og heitt af hug - a klökk - um þinn helg - an kær - leik þökk - um.
 með ást - úð ó - þreyt - and - i við allr - i neyð og grand - i.
 með bless - un lands og lýð - a þín líkn - ar - sól - in blíð - a.
 oss hugg - un helg - a færð - i og hjört - un end - ur - nærð - i.

5. Oss börn þín bænheyr þú,
 vér biðjum, faðir, nú:
 Sem áður enn vor gættu
 við allri neyð og hættu.

6. Lát gróa sorgarsár,
 lát sorgar þorna tár,
 lát ástarásjón þína
 mót öllum þjáðum skína.

7. Vér biðjum umfram allt:
 Til enda lífs oss halt
 við trú af hjarta hreina
 og himinstefnu beina.

8. Þinn anda, Guð, oss gef,
 ó, Guð, oss alla vef
 í hagsæld lífs og hörmum
 þíns heilags kærleiks örmum.

9. Veit kristnum lýð þitt lið
 og landi voru frið,
 þeim hjálp er hér enn þreyja,
 þeim himin þinn er deyjja.